

NÝ SKÓLASTEFNA KALLAR Á NÝJUNGAR OG ÚRBÆTUR Á ÝMSUM SVIÐUM

## 100 milljónir til endurmenntunar og gerðar námsefnis og kennsluhugbúnaðar

Ný skólastefna með endurskoðuðum aðalnámsskrám krefst átaks í námsefnisgerð, þróun nýs kennsluhugbúnaðar og endurmenntun kennara. Ákveðið hefur verið að veita um 100 milljónum króna til að bregðast við þessari þörf, umfram það sem fjárlög höfðu gert ráð fyrir. Námsgagnastofnun fær 83 milljónir króna í þessu skyni, 40 til námsefnisgerðar og allt að 43 til gerðar kennsluhugbúnaðar. Til að efla endurmenntun kennara hefur verið ákveðið að setja 18 milljónir í sérstakan sjóð sem ýmsir aðilar geta sótt um styrki úr.

### Átak í námsefnisgerð

Menntamálaráðherra hefur falið Námsgagnastofnun að fylgja eftir átaki í námsefnisgerð í kjölfar nýrrar aðalnámsskrár grunnskóla. Veittar eru 40 milljónir króna

til stofnunarinnar í þessu skyni af fjárveitingu sem ráðherra beitti sér sérstaklega fyrir til að efla námsefnisgerð. Átakið beinist að því að sjá skólum sem fyrst fyrir náms-efni og námsgögnum sem standast kröfur nýrrar aðalnámsskrár. Einkum verður lögð áhersla á að útvega skólum námsgögn í lífsleikni, upplýsinga- og tæknimennt, náttúrufræði, stærðfræði og erlendum málum.

Menntamálaráðuneytinu er í mun að ný aðalnámsskrá komist til framkvæmda á eins skömmum tíma og mögulegt er. Í því sambandi eru námsgögn afar þýðingarmikil. Til þess að ný námskrá nái fram að ganga, þarf nýtt námsefni í sumum námsgreinum og í öðrum þarf að aðlaga útgefið efni að nýrri markmiðssetningu og breyttum áherslum. Samkvæmt lögum eiga nemendur í skyldunámi að fá

námsgögn sér að kostnaðarlausu. Er það hlutverk Námsgagnastofnunar að sjá þeim fyrir námsgögnum í samræmi við aðalnámsskrá.

Menntamálaráðherra hefur jafnframt ítrekað þau tilmæli til Námsgagnastofnunar að verkefni á sviði námsefnisgerðar verði í auknum mæli boðin út.

Menntamálaráðherra hefur skipað Árna Sigfússon framkvæmdastjóra stjórnarformann stjórnar Námsgagnastofnunar í stað Guðna Níelsar Aðalsteinssonar sem látið hefur af störfum.

### Fleirum gefinn kostur

#### á að bjóða endurmenntun

Til viðbótar þeim 27 milljónum sem Kennaraháskóla Íslands er ætlað að verja til endurmenntunar grunnskólakennara samkvæmt fjárlögum hefur verið ákveðið að af 22 milljóna króna sérstöku viðbótarframlagi verði 18 milljónir króna settar í endurmenntunarsjóð grunnskólakennara. Í þriggja manna sjóðstjórn, sem gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun úr sjóðnum, eiga sæti Sigurjón Pétursson fulltrúi sveitarfélaga, Eiríkur Jónsson fulltrúi samtaka kennara og Hrólfur Kjartansson fulltrúi menntamálaráðherra og formaður sjóðstjórnar. Drög að reglum fyrir sjóðinn liggja fyrir. Fljótlega verður auglýst eftir umsóknum um framlög úr sjóðnum en þau eiga að nýtast þeim sem hyggjast bjóða upp á námskeið og aðra endurmenntun fyrir kennara.



Ljón, Bárna

Þeir sem geta sótt um styrki úr sjóðnum eru t.d. kennaraskólar, skólaskrifstofur, sveitarfélög og skólar svo einhverjir séu nefndir.

Nýjar námsgreinar í grunnskólum, eins og lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt, og verulegar breytingar á námskrá, eins og að enska verður fyrsta erlenda tungumálið, kalla á endurmenntun kennara.

### Tugir milljóna til gerðar kennsluhugbúnaðar

Ákveðið hefur verið að verja allt að 43

milljónum króna til gerðar kennsluhugbúnaðar og hefur Námsgagnastofnun þegar gert áætlun um hvernig hluta þeirrar fjárhæðar verður varið. Bæði verður um gerð íslensks kennsluhugbúnaðar að ræða, svo og þýðingu á erlendum hugbúnaði. Að auki er stefnt að samstarfi við erlenda aðila um gerð kennsluefnis fyrir tölvur.

Samkvæmt upplýsingum frá Hildigunni Halldórsdóttur, ritstjóra kennsluforrita hjá Námsgagnastofnun, er búíð að samþykkja áætlun sem nemur 13,5 milljónum um gerð nýrra forrita. Um er að

ræða forrit til íslenskukennslu fyrir nýbúa, forrit í stærðfræði, eðlis- og efnafræði, forrit um fjöruna og dönskukennsluforrit. 12 milljóna króna áætlun um þýðingar á forritum hefur verið samþykkt. Inn í þeirri áætlun eru tveir margmiðlunardiskar frá Dorling Kindersley og unnið er að samningum um fleiri þýðingar. Að sögn Hildigunnar er búíð að gera áætlun um endurgerð eldri forrita upp á 1 milljón króna og um að verja 2 milljónum króna til netútgáfu, væntanlega í dönsku og landafræði og til gerðar upplýsingasíðna fyrir kennara um ýmislegt sem tengist tölvunotkun í kennslu.

## BYGGING MENNINGARHÚSA Á LANDSBYGGÐINNI FYRIRHUGUÐ

# Gætu gjörbreytt aðstöðu til menningar- og listastarfs

Fyrirhuguð er bygging menningarhúsa á nokkrum þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Þeim er ætlað að koma í stað félagsheimila að nokkru leyti, efla menningar- og listastarfsemi og aðstöðu til hennar og bæta búsetuskilyrði en rannsóknir á þróun byggðar og búsetu í landinu hafa leitt í ljós að aðstaða til menningarstarfsemi og þróttmikið starf í menningu og listum ræður miklu um afstöðu fólks til þess hvar það kys að búa. Með húsunum á m.a. að koma til móts við breyttar kröfur um aðstöðu til listiðkunar og taka tillit til þarfa ferðapjónustu.

Ríkisstjórnin hefur falið menntamálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um smíði menningarhúsa, auk þess að endurskoða lög um félagsheimili frá 1970. Kröfur um aðstöðu til menningar- og listiðkunar

hafa breyst frá því að ráðist var í smíði félagsheimila víða um land. Ríkissjóður veitti á sínum tíma styrki til smíði þeirra en síðan 1989 er það alfarið á verkswiði sveitarstjórna að veita byggingarstyrki til félagsheimila.

Nú er talið að í stað félagsheimila sé nauðsynlegt að huga að nýjum húsakosti, sem skapar aðstöðu til að stunda menningarstarf, tónlist og leiklist, miðað við breyttar kröfur. Menningarhús með þessu sniði verða ekki reist á jafnmörgum stöðum og félagsheimili. Mætti ætla að með fimm til

sex menningarhúsum utan höfuðborgarsvæðisins yrði unnt að gjörbreyta aðstöðu til menningar- og listastarfs á landsbyggðinni, enda yrðu þau starfrækt í þéttbýli t.d. á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Í sumum tilvikum yrði um endurnýjun á gömlum húsum að ræða, annars staðar yrði að ráðast í nýjar framkvæmdir. Um yrði að ræða sameiginlegt verkefni ríkis, sveitarfélaga og einstaklinga, enda ættu fulltrúar þessara aðila sæti í stjórn húsanna.

## E F N I S Y F I R L I T

<i>100 milljónir til endurmenntunar</i> . . . 1	<i>Íslenskir vísinda og tæknimenn</i> . . . 10
<i>Menningarhús á landsbyggðinni</i> . . . 2	<i>Þróunarskólar í upplýsingatækni</i> . . . 10
<i>Viðtal við Ara Pál Kristinsson</i> . . . . . 3	<i>Íslensk útgáfa af Windows 98</i> . . . . . 11
<i>Hönnunarsafn í Garðabæ</i> . . . . . 4	<i>Samstarf á sviði menntamála</i> . . . . . 12
<i>Fimm leiknar kvikmyndir árlega</i> . . . 4	<i>Forvarnastarf í skólum</i> . . . . . 13
<i>Viðtal við Ólaf Kvaran</i> . . . . . 5	<i>Menningarsamningur Íslands og Ítalíu</i> . . . . . 14
<i>Ný leiklistarlög</i> . . . . . 6	<i>Fimmtíu ára afmæli Evrópuráðsins</i> 14
<i>Fimm ára rammaáætlun ESB</i> . . . . . 6	<i>Gestaþið í gunnarshúsi</i> . . . . . 14
<i>Fjórar aðalnámskrár væntanlegar</i> . . . 7	<i>580 milljónir til rannsókna og þróunar í upplýsingatækni og umbvefismálum</i> . . . . . 15
<i>Bókmenntakynningarsjóður</i> . . . . . 7	
<i>Menntunarstig Íslendinga</i> . . . . . 8	
<i>Staða íslenskra nemenda</i> . . . . . 9	

Fréttabréf menntamálaráðuneytis,  
9. árg. 1. tbl. febrúar 1999  
Ábyrgðarmaður: Guðrún Sigurðardóttir  
Ritstjóri: Kristín Jónsdóttir  
Útítshönnun: Fiton • hh  
Útg. menntamálaráðuneytið,  
Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík  
Netfang: postur@mrn.stjr.is  
Veffang: www.mrn.stjr.is  
Prentun: Gutenberg



## Umheimurinn stóð með Íslendingum

„Það mikilvægasta er að hann styrkir trú uppvaðandi kynslóðar á gildi íslenskunnar. Hann sýnir þeim sem eru að vaxa úr grasi að móðurmálinu er ekkert að vanbúnaði að takast á við ný verkefni á nýrri öld. Ef íslenskan verður hornreka í algengum kerfum þá missir unga fólkið og almenningur trúna á henni. Samningurinn er líka mikilvægur vegna þess að Microsoft hefur sterka stöðu á íslenska tölvumarkaðnum. Önnur fyrirtæki verða væntanlega að bjóða íslensk kerfi líka ef þau eiga að standa sig á markaðnum hér. Það hefur sýnt sig að samningurinn hefur þegar haft ótvíræð áhrif á aðra markaðsaðila,” sagði Ari Páll aðspurður um mikilvægi samningsins sem menntamálaráðherra var að undirrita við Microsoft um þýðingu á hugbúnaði frá fyrirtækinu.

„Eins og allir vita erum við að tala um búnað sem er notaður í skólum og mjög víða á heimilum og í fyrirtækjum. Hér er ekki um að ræða búnað afmarkaðs hóps menntamanna eða sérfræðinga, þetta er vinnutæki almennings,” segir Ari Páll.

### **Risastórt skref til að breiða út íslenskan orðaforða á þessu sviði**

„Nýyrðasmíðin er hornsteinninn í málrækt okkar. Hér á landi hefur verið unnið að því ötullega á umliðnum áratugum að íslenska hvað eina sem snertir tölvur og upplýsingatækni. Ný orð hafa verið búin til eftir því sem tæknin breytist og því lýkur aldrei. Þetta starf er grundvöllur þess að hægt er að þýða erlend kerfi á íslenska tungu og því verður auðvitað að halda áfram. En það er til lítils að íslenska allt og búa til orð í gríð og erg ef markaður er ekki fyrir orðnotkunina. Orðin þurfa að lifna við og komast í notkun. Samningurinn við Microsoft er risastórt skref í þá átt.”

### **Íslenskan má ekki verða eldhúsmál**

„Það má segja að hin málpólitíska barátta hér á landi sem annars staðar á Norðurlöndum snúist nú orðið fyrst og

fremst um notkunarvið. Baráttu fyrir því að fólk geti notað móðurmál sitt í öllu því sem að það tekur sér fyrir hendur bæði í leik og starfi, viðskiptum og hverju sem vera skal.

Í þessum fræðum er stundum talað um eldhúsmál. Með því er átt við að málnotandinn geti bara notað móðurmálið í sínu nánasta persónulega umhverfi. Málið er þá orðið hornreka í viðskiptalífnum, meðal sérfræðinga og á vinnumarkaðnum. Það er ekki hægt að fjalla um nýjustu tækni á því, það er utangátta í tæknisamfélaginu.

Aðalbaráttan snýst fyrst og fremst um að halda í notkunarviðinu þannig að Íslendingar geti notað móðurmálið við allar hugsanlegar aðstæður. Verið er að tala um talandi tölvur og ef við sjáum fram á það í framtíðinni að við verðum að ávarpa vélarnar á ensku til dæmis, þá fá börnin okkar það á tilfinninguna að móðurmálið sé minni háttar mál og það sé ekki til neins að leggja áherslu á það. Við það glatast trúin á gildi móðurmálsins og þá eru endalokin skammt undan. Þróunin gæti þá orðið sú að sneitt er af notkunarviðinu, notkunin verður þrengri og þrengri og nær einstaklingnum og því er talað um eldhúsmál.”


- Hvað telur þú að hafi ráðið úrslitum að Microsoft gekk til samninga við Íslendinga?

„Það hefur náttúrulega verið unnið markvisst að þessu máli í menntamálaráðuneytinu. Sett var fram sú stefnumörkun í ritinu *Í krafti upplýsinga* að notendaskil Windows yrðu á íslensku. Björn Bjarnason menntamálaráðherra skrifaði fyrst Ríkiskaupum og síðan Einari J. Skúlasyni, umboðsaðila Microsoft á Íslandi, bréf og í framhaldi af því reyndi EJS að þrýsta á Microsoft en það skilaði ekki miklum árangri. Ráðuneytið skrifaði þá Microsoft hinn 19. júní í fyrra bréf og fékk jákvætt svar skömmu síðar. Þá hafði orðið mikil umfjöllun um málið erlendis bæði í Bandaríkjunum og í evrópskum fjölmíðlum. Mikill samhugur myndaðist í kringum þetta mál og ég held að Microsoft hafi fundið að umheimurinn stóð með Íslendingum og var hliðhollur málstað okkar í þessu máli,” sagði Ari Páll að lokum.

# Hönnunarsafn í Garðabæ

Stefnt er að því að koma hönnunarsafni á laggirnar í Garðabæ. Samningur um undirbúning og uppbyggingu þess hefur verið undirritaður af menntamálaráðuneytinu, Þjóðminjasafni Íslands og bæjarstjórn Garðabæjar.

Markmið hönnunarsafns í Garðabæ er að safna íslensku og erlendu listhandverki og iðnhönnunarmunum og varðveita, halda heimildaskrá og standa fyrir sýningum og kynningum.



*Pétur B Lúthersson (f. 1936) hannaði þennan lampa, sem ber heitið Brandur, 1969. Hann er framleiddur af Málmsteypu Amunda Sigurðssonar ehf.*

Árið 1996 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um með hvaða hætti standa mætti að stofnun listiðnaðar- og hönnunarsafns. Nefndinni var falið að skil-

greina hlutverk og viðfangsefni hönnunarsafns og þörfina á því að slíku safni yrði komið á fót, gera tillögur um rekstraráðila og rekstrarform, drög að starfsreglum, áætlun um húsnæðisþörf og kostnað vegna reksturs safnsins. Nefndin skilaði álitinu sínu síðla árs 1996. Fljótlega hófust síðan viðræður við bæjaryfirvöld í Garðabæ sem lýst höfðu áhuga á að eiga hlut að uppbyggingu slíks safns.

Hönnunarsafnið er sérsafn sem hefur stöðu deildar í Þjóðminjasafni Íslands. Þjóðminjaráð skipar fjögurra manna stjórnarnefnd, til fimm ára, sem veitir ráðgjöf um uppbyggingu safnsins og gerir tillögur til þjóðminjaráðs og bæjarstjórnar Garðabæjar um framtíðarhlutverk hönnunarsafnsins.

Menntamálaráðuneytið leggur safninu til húsnæði að Lyngási í Garðabæ, sem er hluti af því húsnæði sem áður var nýtt fyrir Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Ríkissjóður greiðir launakostnað í samræmi við fjárveitingar hverju sinni. Annan rekstrarkostnað greiða aðilar að jöfnu í samræmi við fyrirfram samþykka fjárhagsáætlun.

Samningurinn gildir í fimm ár frá undirritun hans. Á þeim tíma verður unnið að undirbúningi að framtíðarhúsnæði og starfsemi hönnunarsafns í Garðabæ.

Í S L E N S K K V I K M Y N D A G E R ð S T Ó R E F L D

## Fimm leiknar kvikmyndir árlega

Gert er ráð fyrir að framleiddar séu 5 leiknar íslenskar kvikmyndir í fullri lengd á ári og Kvikmyndasjóður standi undir 40% af kostnaðaráætlun miðað við 100 millj. kr. meðalframleiðslukostnað við hverja mynd. Er ætlunin að heildarframlag framleiðslustyrkja vegna þessara mynda verði allt að 200 millj. kr. árið 2002.

Kemur þetta fram í samkomulagi sem menntamálaráðherra og fjármálaráðherra hafa undirritað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við samtök í íslenskri kvikmyndagerð, þ.e. Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Félag kvikmyndagerðarmanna, Framleiðendafélagið og Samtök höfunda kvikmyndahandrita um stefnumörkun til að efla íslenska kvikmyndagerð.

Komi til þess að Menningarsjóður útvarpsstöðva verði lagður niður er gert ráð fyrir að á næstu fjórum árum eftir það verði

veitt fé úr ríkissjóði til að gera heimildarmyndir, stuttmyndir, hreyfimyndir o.fl. þannig að í lok tímans verði allt að 100 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni í Kvikmyndasjóði.

Í samkomulaginu er lýst yfir því að náist þessi markmið geti íslensk kvikmyndagerð gegnt eðlilegu hlutverki í íslensku menningarlífi.

Í fjárlögum 1999 er 176,4 millj.kr. varið til Kvikmyndasjóðs, sem er 40 millj.kr. hærri fjárhæð en sjóðurinn hafði til ráðstöfunar á þessu ári.

Gert er ráð fyrir að fjárveiting til Kvikmyndasjóðs verði 205 millj.kr. árið 2000, 240 millj.kr. árið 2001 og 270 millj.kr. árið

2002. Við þessar fjárhæðir bætast síðan nýjar tölur ef Menningarsjóður útvarpsstöðva verður aflagður.

Á grundvelli þessa samkomulags voru vilyrði veitt um styrki til framleiðslu leikinna kvikmynda á næsta ári við úthlutun úr Kvikmyndasjóði 15. janúar sl.







## Metnaðarmál að ná til allrar þjóðarinnar

Gerður hefur verið samstarfssamningur milli Listasafns Íslands og Landssímans og mun Landssíminn styrkja safnið um 12 millj. kr. næstu tvö árin. Verður stærstum hluta varið til kynningarmála.

„Það er mikið metnaðarmál fyrir Listasafn Íslands að auka aðsóknina að safninu. Safnið hefur ekki haft nógu góða aðstöðu til þess að koma á framfæri því sem það hefur upp á að bjóða. Fjölmíðlaumfjöllun er takmörkuð og við höfum verið að leita leiða til að gera safnið sýnilegra. Listasafnið er nútímafyrirtæki sem þarf að vera markaðsmeðvitað í þeim skilningi að vera vel sýnilegt og koma því á framfæri sem það stendur að og framleiðir. Ég kannaði möguleika á að gera samvinnusamning við fyrirtæki og þetta módel að samstarfi þróaðist í samstarfi við Þórarín V. Þórarínsson stjórnarformann Landssímans sem sýndi þessu strax mikinn áhuga. Það er ánægjulegt fyrir Listasafnið að tengjast Landssímanum sem er öflugt fyrirtæki með sterkt dreifingarkerfi. Það má því segja að þetta séu gagnkvæmir hagsmunir,” segir Ólafur Kvaran forstöðumaður Listasafns Íslands aðspurður um samstarfssamning safnsins við Landssíma Íslands.

### Menningarstofnanir þurfa að standa meira á eigin fótum

„Þessi samningur lýtur fyrst og fremst að því að markaðssetja Listasafnið. Það má segja að hann brjóti ákveðið blað hvað varðar samskipti menningarstofnana ríkis og annarra fyrirtækja og markar þannig ákveðin tímamót. Ég tel að sú pólitíska stefna, sem mörkuð var á sínum tíma um að stofnanir þurfi að standa meira á eigin fótum og sjá um aukna

tekjuöflun, leiði til þess að íslenskar menningarstofnarnir munu leita eftir að gera samninga af þessu tagi.“

### Þjóðlistasafn

„Listasafn Íslands er þjóðlistasafn og það er mikið metnaðarmál fyrir safnið að ná til allrar þjóðarinnar. Við vorum til dæmis með ráðstefnu síðastliðið haust þar sem mættu fulltrúar safnastofnana utan af landi. Ráðstefnan bar yfirskriftina *Listasafn Íslands - safn allra landsmanna*. Á ráðstefnunni kom fram mikill vilji hjá landsbyggðarmönnum til að tengjast safninu með ýmsum hætti.

Landssíminn mun vista heimasíðu Listasafnsins og sjá um hönnun, uppsetningu og viðhald hennar. Góð heimasíða felur í sér gífurlega möguleika fyrir safnið bæði hvað varðar sýningar og kynningu á því. Virk heimasíða er líka lykilatriði í því að tengja safnið við landsbyggðina.“

Aðspurður um frekari tengsl við landsbyggðina sagði Ólafur að á áður nefndri ráðstefnu hafi verið rætt um að gera safnastofnunum tilboð. „Við munum bjóða þeim ákveðnar sýningar sem geta farið á fleiri en einn stað. Er þar átt við sýningar sem annað hvort hafa verið í Listasafninu eða sýningar á eignum safnsins. Við viljum mjög gjarnan efla samstarf við safnastofnanir út á landi.“

### Breytt sýningarstefna

„Safnið hefur fyrst og fremst verið með sérsýningar og sýningar á verkum í eigu þess. Við ætlum að breyta áherslum á sýningarstefnunni með því að fjölga sýningum og jafnframt stytta sýningartímann fyrir hverja sýningu. Markmiðið er að ná til breiðari hóps og ekki síður að fá fasta sýningargesti oftast í heimsókn.

Við viljum líka gjarnan auka tengslin við ferðamannaiðnaðinn og gerðum könnun síðastliðið haust á því hvaða

ferðamenn koma í safnið. Okkur er ljóst að ferðamannastraumurinn er farinn að dreifast meira yfir árið og það er mikilvægt að safnið marki hér skýra og ákveðna stefnu.

Aukin aðsókn er metnaður safnsins og allar þessar aðgerðir, samningurinn við Landsímamann, breytt sýningarstefna, könnun á heimsóknum erlendra ferðamanna í safnið þjóna því markmiði. Einnig er nýbúið að ráða markaðsfulltrúa sem á að annast markaðssetningu og kynningarmál. Hann hefur m.a. það verkefni að annast tengsl við fjölmíðla, koma safninu á framfæri og selja það sem við framleiðum af bókum, kortum og öðru,“ sagði Ólafur Kvaran að lokum.

## GKS kaupir Skólavörubúðina

Skólavörubúðin hefur verið seld og tekur nýr eigandi væntanlega við rekstri hennar 1. mars nk.

Eftir að ákveðið var að aðskilja rekstur búðarinnar frá öðrum rekstri Námsgagnastofnunar fór menntamálaráðuneytið þess á leit við einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar að undirbúa sölu búðarinnar. Nefndin gerði tillögur um framkvæmd söluunnar og fól Ríkiskaupum að óska eftir tilboðum. Tvö tilboð bárust, frá Pennanum hf. upp á 21,2 milljónir króna og frá GKS hf. upp á 36,8 milljónir króna. Ríkiskaup og einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar lögðu til við menntamálaráðuneytið að gengið yrði að tilboði GKS hf. og hefur sú tillaga verið samþykkt.

# Ný leiklistarlög

Leiklistarlög, sem samþykkt voru á Alþingi í desember sl., leysa af hólmi tvenn eldri lög, annars vegar leiklistarlög frá 1977 og hins vegar lög um Þjóðleikhús frá 1978.

Í nýju lögunum eru ákvæði um fjárstuðning ríkisins við leiklistarstarfsemi, umfram rekstur Þjóðleikhússins, gerð almennari en áður. Tekið er fram að slíkur stuðningur geti auk almennrar leikstarfsemi tekið til barnleikhúsa, brúðuleikhúsa, óperustarfsemi og listdans, en framlög til einstakra aðila eru ekki lögbundin. Lögfest er heimild til að gera samninga af hálfu ríkisvaldsins við sveitarfélög, lögaðila, félög eða stofnanir um fjárstuðning við atvinnuleikhús eða hliðstæða starfsemi á sviði listdans, óperu og annarra sviðslista.

Breytt er skipan leiklistarráðs, sem m. a. hefur það hlutverk að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um úthlutun fjár sem veitt er í fjárlögum til að styðja atvinnuleikhópa. Í ráðinu verða nú þrjú fulltrúar, einn tilnefndur af Leiklistarsambandi Íslands, annar af Bandalagi sjálfstæðra atvinnuleikhúsa og formaður skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar.

## Sjálfstæði Þjóðleikhússins eftir

Sá kafli laganna sem fjallar um Þjóðleikhúsið felur í sér styttingu og einföldun miðað við fyrri þjóðleikhúslög. Felld hafa verið brott ýmis ákvæði sem orðin voru úrelt vegna breyttra aðstæðna eða höfðu ekki reynst virk í framkvæmd. Að öðru leyti miða breytingarnar að því að efla sjálfstæði leikhússins með því að draga úr lagafyrirmælum um starfstilhögun þess og stjórnkerfi, jafnframt því að leitast er við að marka skýrari línur um ábyrgð og forystuhlutverk stjórnenda.

Skipan þjóðleikhúsráðs er breytt að því leyti að fulltrúar

verða valdir með öðrum hætti en áður. Samkvæmt fyrri lögum tilnefndu fjórir stærstu þingflokkarnir hver sinn fulltrúa í þjóðleikhúsráð auk Félags íslenskra leikara. Nýju lögin kveða á um að Félag íslenskra leikara tilnefni einn fulltrúa, Félag leikstjóra á Íslandi annan en þrjú skulu skipaðir af menntamálaráðherra án tilnefningar. Fulltrúi starfsmanna leikhússins á sæti á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Þjóðleikhússtjóri verður áfram skipaður til fimm ára í senn, en afnumið er ákvæði sem fól í sér að ekki mætti endurskipa sama mann nema einu sinni. Hins vegar verður skylt að auglýsa embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.



Myndin er úr sýningu Leikfélags Reykjavíkur, *Sex í sveit*.

## Fimmta rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 1998-2002

Fimmta rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun var samþykkt í desember sl. Henni er skipt í þema- og þveráætlanir. Verða þemaáætlanirnar fjórar en þveráætlanir þrjár. Í stað hefðbundinnar skiptingar í undiráætlanir á grunni atvinnuvega eða vísindagreina eru þarfir borgaranna lagðar til grundvallar við efnisval í 5. rammaáætluninni. Þetta er framhald af þeim breytingum sem orðið hafa á vísindastefnu ESB á undanförunum árum.

### Þemaáætlanir eru:

- Lífsgæði og lífrænar auðlindir.
- Upplýsingasamfélagið.
- Samkeppni og sjálfbær vöxtur.
- Verndun vistkerfa og orkurannsóknir.

### Þveráætlanir eru:

- Alþjóðlegt hlutverk rannsóknar- og þróunarstarfsemi ESB.
- Nýsköpun og aukin þátttaka smárra og meðalstórra fyrirtækja.

Bættur mannaúður til rannsókna - betri

félags- og hagfræðiþekking.

Heildarkostnaður Evrópusambandsins vegna rammaáætlunar 1998-2002 er áætlaður 13,7 milljarðar evró.

Íslendingar hafa með margvíslegum hætti tekið þátt í undirbúningi að áætluninni og gefist færi á að kynna sjónarmið sem þeir telja miklu skipra. Fjöl mörg tækifæri eru fyrir íslenska vísindamenn hjá fyrirtækjum og stofnunum til þátttöku í þessari nýju áætlun.

# Fjórar aðalnámskrár væntanlegar

Aðalnámskrá grunnskóla og aðalnámskrá fyrir bóknámsbrautir framhaldsskóla verða gefnar út á næstu vikum. Auk þeirra koma aðalnámskrá leikskóla og námskrá fyrir tónlistarskóla út fyrir vorið og gerð hefur verið áætlun um útgáfu starfsgreinanámskráa á næstu misserum.

Aðalnámskrá grunnskóla verður gefin út í 12 heftum - almennum hluta og 11 námssviðaheftum. Þau skiptast þannig að í einu hefti verða erlend tungumál, heimilisfræði í öðru, íslenska í því þriðja, þá íþróttir, kristinfræði, listgreinar, lífsleikni, náttúrufræði, samfélagsgreinar, stærðfræði og upplýsinga- og tæknimennt.

Almenni hluti námskrárinnar er um það bil að líta dagsins ljós, auk heftanna um íslensku og íþróttir. Hin heftin verða svo gefin út í kjölfarið hvert af öðru. Stefnt er að því að útgáfu grunnskólanámskrárinnar verði að fullu lokið fyrir miðjan mars og útgáfu bóknámshluta framhaldsskólanámskrárinnar verði lokið um mánuði síðar.



Ljós. Bára

Verkefnisstjórn endurskoðunarinnar og starfsmenn ráðuneytisins hafa að undanfögnu unnið að frágangi textans auk þess sem framsetning hefur verið samræmd að því marki sem unnt er. Við hönnun námskrárheftanna er þess sérstaklega gætt að þau séu aðgengileg og þægileg í notkun og kennarar og aðrir notendur hennar fái strax góða yfirsýn yfir markmið hverrar greinar og leiðir að þeim. Námskrárnar verða einnig gefnar út á Netinu.

## Skipun íslensku UNESCO-nefndarinnar

Menntamálaráðherra hefur skipað nýja UNESCO-nefnd fyrir tímabilið 1.1.1999 - 31.12.2002 sem hér segir:

Sveinn Einarsson leikstjóri, fulltrúi fyrir menningarmál og formaður.

Guðný Helgadóttir deildarstjóri, fulltrúi fyrir menntamál og ritari.

Birgir Tjörvi Pétursson lögfræðingur, fulltrúi fyrir málefni ungs fólks (til 31.12.1999).

Halldór I. Elíasson prófessor, fulltrúi fyrir vísindamál.

Urður Gunnarsdóttir blaðamaður, fulltrúi fyrir fjölmiðlamál.

Guðni Bragason sendiráðunautur, fulltrúi utanríkisráðuneytisins.

Hlutverk íslensku UNESCO-nefndarinnar er að vera ríkisstjórninni og sendinefnd Íslands á aðalráðstefnu UNESCO til ráðuneytis í málum er varða UNESCO og tengiliður milli UNESCO og íslenskra mennta-, vísinda- og annarra menningarstofnana.



## Bókmennta- kynningarsjóður opnar skrifstofu

Bókmenntakynningarsjóður hefur opnað skrifstofu á Hallveigarstöðum við Túngötu 14 í Reykjavík, á sama stað og Kvikmyndasjóður Íslands, Kvikmyndaskoðun og Media skrifstofan eru til húsa.

Gerður hefur verið samningur við Jónínu Michaelsdóttur, formann stjórnar sjóðsins um að hún annist rekstur skrifstofunnar í hálfu starfi þ.m.t. afgreiðslu verkefna Bókmenntakynningarsjóðs og upplýsingamiðlun sem tengist hlutverki hans.


Val á bókmenntaverkum til kynningar verður eftir sem áður á verksviði stjórnar sjóðsins samkvæmt reglum nr. 456 frá 26. júlí 1982.

### *Halldór Laxness*

Menntamálaráðherra opnaði farandsýningu um Halldór Laxness, ævi hans og ritstörf í Varsjá 8. febrúar sl. Hafa borist óskir frá Lúxemborg um að sýningin verði sett upp þar. Verður Bókmenntakynningarsjóði falin umsjá með sýningunni.

Veffang Bókmenntakynningarsjóðs er bok.is.

### Dreifing mannfjölda 25-64 ára í OECD ríkjum eftir menntagráðu (1996).



# Menntunarstig talið hátt í O

### Væntanleg skólaganga 5 ára Íslendinga 17 1/2 ár

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) gaf nýlega út ritið Education at a Glance 1998 með umfangsmiklum og fróðlegum upplýsingum um menntun og fjárframlög OECD ríkjanna til menntamála á árunum 1995-1996. Ennfremur má í ritinu sjá breytingar á þessum sviðum á tímabilinu 1990-1995.

Fram kemur í ritinu að menntunarstig Íslendinga í árum talið er hátt í samanburði við önnur OECD ríki. Væntanleg skólaganga 5 ára einstaklings hér á landi var árið 1996 17,5 ár og er Ísland þar í 6. sæti af 33 samanburðarlöndum. Meðallengd væntanlegrar skólagöngu 5 ára einstaklings í OECD ríkjunum var 16,5 ár 1996 og jókst úr 14,5 árið 1990.

Þrátt fyrir hátt menntunarstig í árum talið er lengd háskólagöngu hér á landi styttri en í öðrum löndum og er Ísland þar í 19. sæti af 24 samanburðarlöndum. Má að hluta til skýra það með því að margir Íslendingar sækja framhaldsnám erlendis.

### Hæsta hlutfall tvítugra í framhaldsskólum

Ísland er með hæsta hlutfall tvítugra í framhaldsskólum af öllum samanburðarþjóðum, en hefur einnig frekar hátt hlutfall þátttöku í háskólamenntun. Íslendingum virðist þó ganga fremur hægt að ljúka háskólanámi þar sem hlutfall þeirra sem útskrifast á venjulegum útskriftarárdri, sem miðað er við hér á landi, er fremur lágt.

Aukin menntun kallar á meira fjármagn til menntamála. Almennt má segja að framlög Íslendinga til menntamála nálgist nú meðaltal OECD ríkja og jukust þau sem hlutfall af landsframleiðslu á árunum

### Heimild OECD og Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands

- Löndunum er raðað eftir hlutfalli þeirra sem lokið hafa framhaldsskólamenntun.
- Með styttri háskólagráðu er átt við próf úr sérskólum á háskólastigi, s.s. Fósturskóla Íslands, og einnig eru þar meðtaldir þeir sem lokið hafa meistaranámi í iðngreinum (ISCED 5). Lengri háskólagráða vísar til fyrstu háskólagráðu (BA, BS, BEd) og aðri gráða (ISCED 6, 7).



# Íslendinga í árum OECD samanburði

1990-95. OECD spáir því að útgjöld Íslendinga til menntamála muni þurfa að aukast á næstu árum vegna fjölda fólks í yngri aldurshópum og aukinnar sóknar í nám. Á það sérstaklega við um háskólastig.

Skipting heildarfjárframlaga til menntamála milli skólastiga er mismunandi á milli landa. Ísland er nálægt meðaltali OECD ríkja hvað varðar framlög til grunn- og framhaldsskóla sem hlutfall af landsframleiðslu en nokkuð undir meðaltali í fjárframlögum til háskóla. Þar af leiðandi er Ísland einnig undir meðaltali í heildarframlögum til allra skólastiga. Má að hluta til skýra það með því að mjög hátt hlutfall íslenskra háskólanema sækir framhaldsnám erlendis.

Fram kemur að hlutur stofnkostnaðar miðað við rekstrarkostnað á grunn- og framhaldsskólastigi er hár hér á landi í samanburði við önnur lönd. Þessu er hins vegar öfugt farið fyrir háskólastigið þar sem rekstur vegur þungt miðað við önnur lönd.

Ísland er í 10. sæti af 23 þjóðum í fjölda tölva á hvern nemanda í skólum. Samkvæmt niðurstöðum TIMSS könnunarinnar frá 1995 er Ísland þó í 2. sæti hvað varðar notkun nemenda á tölvum almennt.

Við athugun á námsárangri styðst OECD í þessari útgáfu við niðurstöður úr TIMSS rannsókninni í stærðfræði frá árinu 1995, en þær niðurstöður vöktu á sínum tíma mikið umtal hér á landi. Árangur Íslendinga er þar slakastur allra OECD ríkjanna í stærðfræði í 4. bekk og sá þriðji slakasti í 8. bekk. Hins vegar batnar árangur íslenskra nemenda milli þessara tveggja bekkja tiltölulega mikið miðað við önnur lönd. Annað sem vekur athygli í niðurstöðum íslenskra nemenda í stærðfræði er hve lítil dreifing er í árangri einstakra nemenda. Er Ísland með 4. lægstu dreifinguna af 25 löndum



Ljóm. Bára

## Staða íslenskra nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði

Ísland er þátttakandi í fjölþjóðlegri rannsókn OECD á kunnáttu fimmtán ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Hefur menntamálaráðuneytið gert samning við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála til fjögurra ára um framkvæmd rannsóknarinnar hérlandis. Rannsóknin er gerð á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og nær til 28 landa. Er rannsóknin liður í áætlun OECD landa að birta með fjögurra ára millibili samanburð á kunnáttu nemenda á fyrrgreindum þremur sviðum. Gengur áætlunin undir nafninu PISA.

### *Samanburðarhæfar upplýsingar um stöðu menntakerfisins*

Þátttaka Íslands í rannsókninni er liður í þeirri stefnu menntamálaráðuneytisins að hafa tiltækar samanburðarhæfar upplýsingar um stöðu menntakerfisins hér á landi miðað við önnur lönd. Slíkt verður æ mikilvægt til að mæta þeim kröfum sem fylgja aukinni alþjóðavæðingu. Jafnframt geta slíkar upplýsingar orðið hvati að nýjungum í þróunarstarfi innan menntakerfisins.

Yfirstjórn verkefnisins er í höndum rannsóknar- og háskólastofnana í Ástralíu, Hollandi og Bandaríkjunum. Undirbúningur rannsóknarinnar hófst á miðju síðasta ári og fer gagnasöfnun fram á vormisseri árið 2000. Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála sér um öflun gagna hérlandis samkvæmt fyrirsögn yfirstjórnar verkefnisins. Gert er ráð fyrir að fyrstu niðurstöður úr rannsókninni verði birtar um mitt ár 2001.

Stofnuð hefur verið ráðgjafarnefnd til þess að fylgjast með framkvæmd rannsóknarinnar hér á landi. Eftirtaldir aðilar eiga fulltrúa í nefndinni: Menntamálaráðuneyti, Skólastjórafélag Íslands, Skólameistarafélag Íslands, Kennarasamband Íslands, Hið íslenska kennarafélag og Landssamtök in Heimili og skóli.

## Íslenskir vísinda- og tæknimenn eru virkir þátttakendur í evrópskum samstarfsverkefnum

Íslenskir vísinda- og tæknimenn hafa tekið virkan þátt í evrópskum samstarfsverkefnum innan fjórðu rammaáætlunar ESB segir í niðurstöðum skýrslu um um áhrif fjórðu rammaáætlunar Evrópusambandsins (ESB) um rannsóknir og þróun 1994-1998. Almennt hefur samstarfið gengið vel, bæði við undirbúning umsóknna og síðar við framkvæmd verkefna. Árangur birtist aðallega í aukinni hæfni starfsfólks og nánari tengslum við skóla og fyrirtæki í Evrópu. Fram kemur að kynningu á tækifærum til samstarfs vegna rammaáætlana ESB þarf að efla. Sérstaklega er mikilvægt að sníða hana að þörf-

um ólíkra hópa s.s. fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana.

Evrópusambandið hefur um árabil staðið fyrir umfangsmiklu samstarfi á sviði rannsóknar- og tækniþróunar í Evrópu og rekið í þeim tilgangi heildaráætlanir sem kallaðar eru rammaáætlanir. Með gildistöku EES-samningsins árið 1994 varð Ísland fullgildur aðili að þessu samstarfi og hefur tekið þátt í því síðan.

Á þessum tímamótum ákvað Björn Bjarnason menntamálaráðherra að láta gera úttekt á áhrifum þátttöku Íslands í 4. rammaáætlun ESB um rannsókn- og tækniþróun. Hinn 28. maí 1998 skipaði

hann nefnd til að annast úttektina. Nefndina skipa: Haukur Ingibergsson skrifstofustjóri Hellen M. Gunnarsdóttir deildarsérfræðingur, og Þorsteinn I. Sigfússon prófessor. Með nefndinni starfaði Oddfríður Halla Þorsteinsdóttir. Niðurstöður hafa verið birtar í skýrslu sem gefin er út af menntamálaráðuneytinu og ber heitið *Áhrif á Íslandi*. Fjórða rammaáætlun ESB 1994-1998.

Skýrsluna er að finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins undir flokknum upplýsingar - útgefið efni og er veffangið [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is)

## Þróunarskólar í upplýsingatækni



Menntamálaráðherra Björn Bjarnason undirritar samninga við fulltrúa þróunarskólanna og sveitarfélaga.

Í ritinu *Í krafti upplýsinga* er fjallað um nauðsyn þess að nokkrum skólum verði fengið það hlutverk að vera leiðandi um notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Auglýst var eftir skólum til að taka þátt í verkefninu sl. vor og sóttu tuttugu og þrjú skólar um. Eftirfarandi skólar voru valdir: Árbæjarskóli í Reykjavík, Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Varmalandsskóli í Borgarfirði, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi og Menntaskólinn á Akureyri.

Þróunarskólar í upplýsingatækni tóku formlega við hlutverki sínu þegar menntamálaráðherra undirritaði við þá samninga föstudaginn 8. janúar í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Þróunarskólarnir munu á næstu fjórum árum vinna að mótun aðferða til að beita upplýsingatækni við nám og kennslu og þjálfá starfsfólk og nemendur í notkun hennar. Er lögð rík áhersla á að skólarnir miðli öðrum skólum og kennurum af reynslu sinni og þekkingu á sviði upplýsingatækni og einnig er þeim ætlað að veita ráðgjöf við hönnun og tilraunir með

kennsluhugbúnað. Þá munu þróunarskólarnir taka við kennarnemum í æfingakennslu með áherslu á upplýsingatækni.

Til þessa verkefnis fá þróunarskólarnir sérstakar fjárveitingar frá menntamálaráðuneyti en viðkomandi sveitarfélög greiða helming þess fjárframlags sem grunnskólar fá vegna verkefnisins. Verkefninu lýkur í júní 2002 og er heildarkostnaður ríkis- og sveitarfélaga vegna þess áætlaður 48 m.kr. Auk þess hefur menntamálaráðuneytið gert samning um stuðning Landssíma Íslands hf. við þróun upplýsingatækni í skólastarfi, sem meðal annars kveður á um stuðning Landssímans við þróunarskólana.

Sérstök verkefnisstjórn stýrir verkefninu þar sem sæti eiga fulltrúar menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga auk sérfræðings í notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Munu þróunarskólarnir vinna áætlanir um verkefni sín og skilgreina mælikvarða um mat á árangri í samvinnu við verkefnisstjórnina. Verður leitast við að kynna aðferðir og niðurstöður reglulega á vef þróunarskólaverkefnisins sem verður opnaður síðar í febrúar.

# Íslensk útgáfa af Windows 98



Samkomulag við Microsoft undirritað. Á myndinni eru Mats Wennberg, umdæmisstjóri Microsoft á Norðurlöndum, Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, Pétur Ásgeirsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu og Júlíus Ólafsson forstjóri Ríkiskaupa.

Íslensk útgáfa af Windows 98 kemur á markað síðla árs 1999. Stefnt er að því að viðræðum um frekari þýðingar á Microsoft hugbúnaði verði lokið fyrir 1. ágúst 1999 og að ólögætum hugbúnaði verði útrýmt úr ríkisstofnunum fyrir árslok 1999. Þetta er meðal efnis í samkomulagi sem var undirritað af menntamálaráðherra og fulltrúa Microsoft þann 20. janúar sl. í Þjóðarbókhöðunni.

Viðræður við Microsoft hófust formlega með fundi menntamálaráðherra og fulltrúa Microsoft í menntamálaráðuneytinu 23. ágúst 1998. Síðan hafa sérfræðingar ráðuneytisins og fulltrúar frá Ríkiskaup-

um átt í viðræðum við Microsoft um málið. Þessi samningur á sér sögu aftur til ársins 1993. Í ritinu *Í krafti upplýsinga* er lýst því markmiði að notendaskil Windows verði á íslensku. Menntamálaráðherra hefur lagt mikla áherslu á að ná þessu markmiði og hefur ráðuneytið unnið að því með margvíslegu móti.

Samkomulagið sem nú hefur náðst er sett fram annarsvegar með formlegum samningi um þýðingu á Windows 98 en hinsvegar í minnisblaði er lýsir sameiginlegum markmiðum aðilanna er lúta að eflingu upplýsingatækni í skólakerfinu og almennt í íslensku samfélagi.

Á minnisblaðinu kemur m.a. fram að

menntamálaráðuneytið og Microsoft hyggjast nú þegar hefja viðræður er miði að því að ná samkomulagi um þýðingu á Office 2000 hugbúnaði fyrirtækisins og þeim kerfishugbúnaði sem leysa mun Windows 98 af hólmi. Stefnt er að því að viðræðum þessum ljúki ekki síðar en 1. ágúst 1999.

Einnig sammælast aðilar um að vinna að aukinni notkun upplýsingatækni í íslenska menntakerfinu, m.a. með samningum um lækkað verð á Microsoft hugbúnaði til íslenskra skóla og með því að undirbúa stofnun sameiginlegs þróunarsjóðs til eflingar íslenskrar kennsluhugbúnaðargerð.

# Samstarf á sviði menntamála og rannsókna innan Norrænu ráðherranefndarinnar á formennskuári Íslands árið 1999

Samstarf á sviði menntamála og rannsókna á vegum norrænu ráðherranefndarinnar á formennskuári Íslands beinist áfram að því að auka almennt samstarf landanna auk þess að styrkja samstarf við önnur Evrópuríki sem og við grannsvæði Norðurlanda. Markmiðið er að jafnaðvelt verði að mynda tengsl, skiptast á hugmyndum og flytjast frá einu fræðslu- og rannsóknarumhverfi til annars á Norðurlöndum og í eigin landi. Lögð er áhersla á að styrkja norræn viðhorf í alþjóðasamstarfi og gera starfsemina skilvirkari. Sérstök áhersla er lögð á að styrkja tengslin milli hinna vestlægju Norðurlanda og annarra ríkja Norðurlanda.

## Sjálfbært samfélag á Norðurlöndum

Á formennskuári Íslands er lögð áhersla á sjálfbært samfélag á Norðurlöndum, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og málefni hafsins. Þessir áherslupættir hafa skírskotun til ýmissa verkefna sem þegar er unnið að í norrænu samstarfi á sviði menntamála og rannsókna. Er því beint til viðkomandi nefnda og stofnana innan mennta- og rannsóknarsviðsins að huga að því hvernig þessi áhersluatriði falli að starfsemi þeirra og meta hvort

forsendur séu fyrir nýjum verkefnum undir þessum formerkjum.

## Mat á skólastarfi

Eitt þeirra verkefna sem nýlega hefur verið hleypt af stokkunum er verkefnið mat í skólastarfi. Var þetta verkefni tekið upp að frumkvæði Íslands á formennskuári þess 1994. Á formennskuári Íslands 1999 verður því fylgt eftir með aukinni áherslu á mat og gæði í skólastarfi að háskólastigi meðtöldu. Það fellur vel að meginumræðuefni ráðherranna á fundi þeirra í Kaupmannahöfn 1. des. sl. en þeir lögðu áherslu á að því yrði fylgt eftir við verkefnaál á vegum ráðherranefndarinnar. Haldin verður ráðstefna á Íslandi um mat á skólastarfi á árinu. Auk þeirrar ráðstefnu verður haldin ráðstefna um fjármögnun og skipulagningu háskóla.

## Norræn málasmávinna- tungumálatekni

Áætlunin um norræna málasmávinna mun skipa forgangssess á formennskuári Íslands. Mikilvægi þess að varðveita hin norrænu mál eykst stöðugt í hraðfara þróun upplýsingasamfélagsins þar sem enska ræður stöðugt meira ríkjum. Í

þeim samanburði eru norrænu tungumálin lítil málsamfélög. Á fyrsta fundi ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir munu ráðherrarnir ræða stöðu lítilla málsamfélaga í hraðfara þróun upplýsingatækni.

## Upplýsingatækni

Áfram verður unnið að því að styrkja norræna samvinnu á sviði upplýsingatækni með sérstakri áherslu á að skapa börnum og unglingum tækifæri til að nýta sér þá tækni sem best þekktist í þeim efnum enda munu málefni barna og ungmenna skipa áfram forgangssess á formennskuári Íslands í samræmi við þær áherslur sem ríkt hafa um árabíl innan norrænu ráðherranefndarinnar.

Á formennskuári Íslands á sviði menntamála og rannsókna verður jafnframt lögð áhersla á samfellu í þeirri starfsemi sem fyrir er. Verkefnum, sem mörkuð hafa verið af fyrirverandi formennskulöndum, verður fylgt eftir á verksviði hinna ýmsu nefnda og vinnuhópa innan sviðsins. Helstu starfsáætlanir innan mennta- og rannsóknarsviðsins taka til fimm ára í senn. Unnið er að mestu eftir starfsáætlunum fyrir árin 1997-2000.

## Úthlutun styrkja vegna upplýsingatækni í almenningsbókasöfnum

Menntamálaráðherra hefur úthlutað styrkjum af fé því sem veitt er í fjárlögum 1999 vegna upplýsingatækni í almenningsbókasöfnum í samræmi við bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn. Auglýst var efur umsóknum 25. september sl. og rann umsóknarfrestur út 1. nóvember. Alls bárust 17 umsóknir um tæpar 13 milljónir króna.

Að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um málefni almenningsbókasafna voru veittir styrkir sem hér segir:

Bókasafn Breiðdalshrepps kr. 200.000 til kaupa á tölvubúnaði og nauðsynlegum búnaði til að tengjast Netinu.

Bókasafn Eyrarsveitar kr. 150.000 til kaupa á tölvubúnaði og tengingu við Netið.

Bókasafn Héraðsbúa kr. 500.000 til kaupa á tölvubúnaði og til námskeiðs fyrir starfsfólk.

Bókasafn Seyðisfjarðar kr. 200.000 til kaupa á tölvubúnaði.

Bókasafn Súðavíkurrepps kr. 200.000 til kaupa á tölvubúnaði.

Bókasafn Austur-Húnavatnssýslu kr. 200.000, til kaupa á tölvubúnaði og nauðsynlegum búnaði til að tengjast Netinu.

Héraðsbókasafn Vestur-Barðastrandarsýslu kr.

300.000 til kaupa á tölvubúnaði og búnaði til að

tengjast Netinu og til endurmenntunar bókavarda. Héraðsbókasafn Vestur-Húnavatnssýslu kr.

500.000 til kaupa á tölvubúnaði og til námskeiðs fyrir bókaverði.

Samtök bókasafna um endurmenntun bókavarda kr. 300.000 vegna námssefnis og námskeiða í notkun upplýsingatækni fyrir bókaverði í almenningsbókasöfnum.

Félag um vefbókasafn kr. 1.500.000 til uppbyggingar gagnagrunns á Netinu.

Styrkveiting er bundin skilyrði um að bókasafn sé opið almenningi a.m.k. 10 klukkustundir á viku.



# Forvarnastarf í skólum

Rúmlega eitt þúsund kennarar og annað starfsfólk skóla hafa tekið þátt í námskeiðum sem haldin hafa verið á vegum menntamálaráðuneytisins um forvarnir í skólum.

## Stuðningur við skóla á vegum ráðuneytisins

Menntamálaráðuneytið hefur á undanförunum misserum stuðlað að margvíslegu forvarnastarfi í skólum þar sem áhersla hefur verið lögð á áhættuhegðun barna og ungmenna og viðbrögð við henni. Af hálfu ráðuneytisins hefur verið lögð áhersla á að auka þekkingu starfsfólks skóla á vímuefnamálum og styrkja skóla við gerð vímuvarnaáætlana. Einnig hefur verið lögð áhersla á aukna aðstoð við nemandur í vanda og þekkingu starfsfólks skólanna á áhættuhegðun ungs fólks. Hefur menntamálaráðuneytið lagt áherslu á að tekið sé mið af niðurstöðum rannsókna við skipulagningu og þróun forvarnastarfs á vegum þess.

- Námskeið og fræðslufundir þar sem fjallað er um algengustu einkenni áhættuhegðunar hjá ungu fólki og kynnt nauðsynleg viðbrögð við henni. Slíkir fundir geta verið liður í stefnumörkun skólanna varðandi forvarnir gegn fíkniefnaneyslu og sjálfsvígum.
- Farandnámskeið um stefnumörkun í vímuvörnum, ábyrgð og frumkvæði í félagsstarfi með unglingum.

## Námskeið fyrir vímuvarnafulltrúa

Sérstök síma- og farandráðgjöf. Starfsfólki framhaldsskóla stendur til boða símaráðgjöf vegna vanda einstakra nemenda þar sem sérfræðingar veita ráðgjöf um meðferð ýmiss konar vanda nemenda og leiðbeina um úrræði. Ef þurfa

forvarnastarfs í skólunum og öðru sem auðveldar forvarnafulltrúum starf þeirra. Hægt er að senda upplýsingar á tengslanetið um netfangið forv@ismennt.is sem berast öllum sem tengdir eru netinu. Nánari upplýsingar veitir Fræðslumiðstöð í fíknivörnum, Grensásvegi 16, 108 Reykjavík.

Á árinu 1998 skilaði teymi sérfræðinga sem skipað var skólastjóra, kennara, námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðingi og barna- og unglingageðlækni skýrslunni Forvarnir í skólum. Samantekt og helstu niðurstöður. Meginniðurstöður skýrslunnar samræmast þeirri vinnu sem unnin hefur verið við endurskoðun aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla á vegum menntamálaráðuneytisins. Þegar eru margar tillögur teymisins komnar til framkvæmda með forvarna-



Dr. Gil Noam frá Harvard hefur verið sérstakur gestafyrirlesari um forvarnastarf í skólum á sumarnámskeiðum á vegum menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið hefur staðið fyrir námskeiðum og fræðslufyrirlesturum fyrir starfsfólk skóla í samvinnu við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum. Hefur ráðuneytið sent framhaldsskólum landsins bæklinginn *Stuðningur við framhaldsskóla* árið 1999 með eftirfarandi upplýsingum um námskeið og annan stuðning sem þeim stendur til boða.

þykir gefst kostur á því að sálfræðingur komi í skólana og veiti ráðgjöf og handleiðslu vegna vanda tiltekinna nemenda.

## Tengslanet - Undirbúningur heimasíðu

Að loknu námskeiði fyrir vímuvarnafulltrúa í nóvember 1998 var komið upp tengslaneti þátttakenda m.a. til undirbúnings heimasíðu um forvarnir í skólum. Þangað eru sendar ýmsar gagnlegar upplýsingar svo sem um námsefni, framvindu

starfi ráðuneytisins í samvinnu við Fræðslumiðstöð í fíknivörnum. Starfsfólk grunn- og framhaldsskóla hvaðanæva á landinu hefur unnið ötullega að markvissu forvarnastarfi í skólunum. Einnig hefur Jafningjafraeðsla framhaldsskólanna unnið markvert forvarnastarf á undanförunum árum en ráðuneytið hefur stutt Jafningjafraeðsluna frá því að verkefninu var hrundið af stað.

## Menningar- samningur Íslands og Ítalíu

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, hefur fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands undirritað samning við ríkisstjórn Ítalíu um samvinnu á sviði menningar, vísinda og tækni í því skyni að styrkja vinsamleg samskipti ríkjanna og auka gagnkvæman skilning og þekkingu þeirra á milli með styrkari menningartengslum. Frú Patrizia Toia, aðstoðarutanríkisráðherra og öldungadeildarþingmaður, undirritaði samninginn fyrir hönd ríkisstjórnar Ítalíu.

Samkvæmt samningnum, sem undirritaður var í utanríkisráðuneytinu í Róm 14. janúar sl., skulu ríkisstjórnir beggja landa meðal annars efla samvinnu á sviði menntamála, svo sem með skiptum á sérfræðingum, með því að leggja rækt við samvinnu á milli háskóla, bjóða fram styrki til náms í löndunum og standa að skiptiheimsóknum háskólakennara og sameiginlegum rannsóknarverkefnum.

Á menningarsviðinu skal meðal annars stuðla að því að efla starfsemi og tengsl menningarstofnana og samtaka, efla samvinnu bókasafna og annarra safna á milli landanna. Þá skal stuðlað að samvinnu á sviði tónlistar, danslistar, myndlistar, leiklistar og kvikmyndalistar með skiptiheimsóknum listamanna og þátttöku í stórhátíðum eða öðrum mikilvægum listviðburðum. Loks munu ríkisstjórnir landanna vinna að þróun vísinda- og tæknisamvinnu milli vísindastofnana og samtaka, bæði opinberra og einkarekinna í löndunum tveimur.

## Fimmtíu ára afmæli Evrópuráðsins - formennska Íslands

Meginverkefni Evrópuráðsins eru verndun mannréttinda og lýðræðis, efling menningarvitundar Evrópubúa og varðveisla stöðugleika í Evrópu með stuðningi við stjórnarfarslegar og laga-  
legar umbætur.

Fimmtíu ár eru frá því að tíu þjóðir V-Evrópu stofnuðu Evrópuráðið. Ísland gerðist aðili ári síðar eða 1950. Við fall Berlínarmúrsins 1989 voru aðildarþjóðir Evrópuráðsins 20, en síðan hefur þeim fjölgað um helming og eru nú 40.

Á afmælisárinu, nánar tiltekið í byrjun maí 1999, taka Íslendingar við formennsku í ráðherraráði Evrópuráðsins í 6 mánuði. Sveinn Björnsson, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu er því formaður afmælisnefndar ráðsins.

Meginhátíðarhöldin vegna afmælisins verða í apríl og maí í Strassborg, London og Búdapest.

### *Evrópuráðssamningar á íslensku*

Í Evrópulöndunum hafa verið settar á fót afmælisnefndir. Hér á landi starfar

slík nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins og er Hjálmar Árnason alþingismaður formaður hennar. Það helsta sem er í undirbúningi innanlands til að minnst afmælisins er ráðstefna um málefni Evrópuráðsins 7.-8. september, fundur stjórnmalanefndar Evrópuþingsins 6. september, heimsókn framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, Daniel Tarschys,



útgáfa frímerkis, útgáfa upplýsingarits um starfsemi Evrópuráðsins og útgáfa valinna Evrópuráðssamninga á íslensku.

Á meðan formennska Íslands varir, skrifar utanríkisráðherra reglulega greinar um málefni Evrópuráðsins í dagblöð og sérstök umfjöllun verður á heimasíðu utanríkisráðuneytisins [www.utn.stjr.is](http://www.utn.stjr.is)

## Gestaíbúð í Gunnarshúsi

Stjórn Rithöfundasambands Íslands ákvað að innrétta litla íbúð í kjallara Gunnarshúss, Gunnars Gunnarssonar rithöfundar, við Dyngjuveg í Reykjavík og leigja rithöfundum gegn vægu gjaldi. Gerður var samningur milli menntamálaráðuneytis og Rithöfundasambandsins um að ráðuneytið veiti 500 þús. króna styrk til framkvæmdanna. Fyrir þetta framlag öðlast ráðuneytið rétt til að ráðstafa íbúðinni í allt að fimm vikur á ári til höfunda sem koma hingað til lands fyrir atbeina ráðuneytisins. Samningurinn er til fimm ára og tók gildi í janúar sl.

*M* [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is)

## *Sesselja Snævarr ráðin deildarsérfræðingur*



Sesselja Snævarr hefur verið ráðin deildarsérfræðingur í grunn- og leikskóladeild í skrifstofu menntamála- og vísinda. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1968 og 30 eininga framhaldsnámi í uppeldis- og kennslufræðum með áherslu á stjórnsýslu frá Kennaraháskóla Íslands 1998. Hún hefur

verið í meistaranámi í KHÍ frá hausti 1998. Sesselja hefur starfað sem kennari, meira og minna frá 1968, og verið aðstoðarskólalastjóri í Ártúnsskóla frá 1990.

## *Sigurður Helgason deildarstjóri latur af störfum*



Sigurður Helgason hefur látið af störfum í menntamálaráðuneytinu að eigin ósk en mun sinna sérverkefnum næstu mánuði. Hann hóf störf sem deildarstjóri í fræðslumálaskrifstofu ríkisins 1. sept. 1970. Árið 1971 var fræðslumálaskrifstofan sameinuð menntamálaráðuneytinu og varð Sigurður þá settur fulltrúi í

fræðslumáladeild. Árið 1975 var Sigurður skipaður deildarstjóri í fræðslumáladeild sem síðar hét grunnskóladeild. Árið 1990 tók Sigurður við deildarstjórn í nýstofnaðri deild, starfsmannadeild á fjármálasviði.

## *580 milljónir til rannsókna og þróunar í upplýsingatækni og umhverfismálum*

Rannsóknarráð Íslands hefur að beiðni menntamálaráðherra lagt fram áætlun um rannsóknir og þróunarstarf á sviði upplýsingatækni og umhverfismála næstu fimm árin og hefur ríkisstjórnin samþykkt að veita 580 milljónum króna til verkefnisins. Rannís var falið að leggja áherslu á þessi tvö svið í ljósi gildis þeirra fyrir þróun íslensks þjóðfélags og stefnt skyldi að því að á þeim næðu Íslendingar mælanlegum árangri í rannsóknum og þróun.

Sérstök áhersla var lögð á að auka þátttöku ungs vísindafólks í þessu starfi og þverfaglega samvinnu vísindamanna. Höfð skyldi hliðsjón af stefnu ríkisstjórnarinnar í upplýsingatækni og umhverfismálum.

Leitað verður eftir umsóknum til verkefna er fela í sér verulegan ávinning og ræðst endanlegt val verkefna af mati á gæðum þeirra umsókna sem berast og metnar verða í innbyrðis samkeppni.

Vilji Rannsóknarráðs stendur til þess að veita myndarlega styrki til samtengdra og framsækinna verkefna til allt að þriggja ára. Árlegir styrkir til verkefna geta numið allt að 7 milljónum króna.

Meðal verkefna á sviði upplýsingatækni má nefna aðlögun tungutækni að íslensku, fjarvinnu í þágu byggðastefnu og aðgengi landsmanna að þekkingarsamfélaginu.

Í umhverfismálum verður ráðist í stærri verkefni en hingað til. Nefna má rannsóknir á náttúrusveiflum og alþjóðlegu samhengi þeirra, greiningu á sjálfbærri þróun hér á landi og samtengingu upplýsinga um félags-, hag- og náttúruvísindalegar forsendur sjálfbærrar þróunar. Þá verður einn áhersluþáttur að skapa fyrirtækjum möguleika á að laga sig að umhverfiskröfum og nýta þau markaðslegu tækifæri sem felast í aukinni umhverfisvitund almennings.

# Tónlistarhús rísi í miðborginni

Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð rísa við höfnina í Reykjavík á næstu árum ef áætlanir ganga eftir. Ríkisstjórnin samþykkti í byrjun janúar tillögu frá menntamálaráðherra og samgönguráðherra um að heimila ráðuneytum þeirra að ganga til samninga við Reykjavíkurborg um slíka byggingu á grundvelli greinargerðar VSÓ-ráðgjafar.

Björn Bjarnason greindi frá aðdraganda málsins á blaðamannafundi 5. janúar sl. Þar rifjaði hann upp að þegar hann tók við störfum menntamálaráðherra fyrir tæpum fjórum árum lýsti hann yfir því að nota ætti kjörtímabilið til þess að taka um það ákvörðun á vettvangi ríkisstjórnarinnar hvort ríkisvaldið kæmi að byggingu tónlistarhúss. Undirbúningurinn hefði síðan verið tvíþættur. Fyrsti áfanginn fólst í því að nefnd undir formennsku Stefáns P. Eggertssonar verkfræðings greindi þörfina fyrir tónlistarhús og varð einhuga um þá tillögu að reist yrði hús sem yrði heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Tveir salir ættu að vera í húsinu, annar fyrir 1.200 til 1.300 manns og hinn fyrir 300 til 400 manns.

## *Þrennir tónleikar á dag*

Ráðherra sagði þörfina fyrir tónlistarhús af þessari stærð ótvíráða. Nálægt 30 þúsund manns iðkuðu tónlist í landinu og um þrennir tónleikar væru haldnir á dag, alla daga ársins á höfuðborgarsvæðinu. Þar sæktu um 200 þúsund manns tónleika ár hvert. Talið væri að árleg velta íslenskrar tónlistarstarfsemi væri ekki undir fimm milljörðum króna í heild.

## *Óviðunandi starfsaðstaða*

Hann minnti einnig á að Sinfóníuhljómsveit Íslands hefði aldrei verið boðin viðunandi starfsaðstaða og hefði starfað án eigin heimilis í nær hálfa öld. Hljómsveitin væri bakhjarl íslensks tónlistarlífs og með því að bæta aðbúnað hennar væri því jafnframt verið að treysta almennt forsendur alls tónlistarstarfs í landinu.

Síðari áfangi undirbúnings málsins á vegum menntamálaráðuneytisins fólst í því að sérstakur stýrihópur með fulltrúum ráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Hótel Sögu vann nýtingar- og hagkvæmnismat á þremur tillögum nefndarinnar að tónlistarhúsi, það er hvort reisa ætti húsið í Laugardal í Reykja-

vík, hvort semja ætti við eigendur Hótel Sögu um að tónlistarhús yrði tengt fyrirhugaðri ráðstefnumiðstöð hótelsins og loks hvort tónlistarhús yrði neðanjarðar í tengslum við Perluna í Öskjuhlíð.

Niðurstaðan varð sú að enginn þeirra þriggja kosta, sem upp voru taldir, varð fyrir valinu heldur var ákveðið að marka tónlistarhúsi, ráðstefnumiðstöð og nýju hóteli stað í miðborginni.

Í síðari áfanganum tókst gott samkomulag um að reisa saman tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð en sérstök nefnd á vegum samgönguráðherra vann að tillögum um slíka miðstöð.

## *Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð*

Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð eru mikið mannvirki. Kostnaður við það er talinn geta numið frá 3,5 til 4 milljörðum króna eftir því hve dýrt er að búa lóð undir framkvæmdina.

Greinargerð VSÓ-ráðgjafar tekur mið af kröfum Artec-ráðgjafarfyrirtækisins í New York, sem hefur á að skipa sérfræðingum um hljómburð. Artec var valið eftir ábendingu frá Vladimír Ashkenazy píanóleikara en hann hefur reynslu af því að leika í bestu tónlistarsölum heims auk þess að hafa um langt árabíl hvatt mjög til þess að hér rísi tónlistarhús.



*Myndin er tekin á sameiginlegum fjölmíðalafundi menntamálaráðherra, samgönguráðherra og borgarstjórans í Reykjavík.*

Skipuð hefur verið nefnd með fulltrúum menntamálaráðuneytis, samgönguráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar til að vinna að samkomulagi um fjármögnun, framkvæmdatilhögun og kostnaðarskiptingu og að leita samstarfsaðila um verkefnið.